

Nd.

413. Framvarp

til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Aðalkennari (prófessor) skal sá aukakennari (dósent) vera, sem segir í 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, að kenni íslenska sagnfræði.

2. gr.

Hafa skal hann sömu íjettindi og sömu skyldur, sem aðrir aðalkennarar (prófessorar), en telja skal núverandi aukakennara (dósent) þann tíma til launahækkunar, er hann hefir verið kennari, sem hann hefði verið aðalkennari allan tímann.

3. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Greinargerð.

Kennarinn hefir farið þess á leit við háskólaráðið, með brjefi dags. 17. júní 1919, að aukakennaraembætti hans verði gert að aðalkennaraembætti. Heim-spekideildin leggur fastlega með þessu á fundi sínum 2. júlí 1919, og slíkt hið sama háskólaráðið, og telur þessa málaleitun á fullum rökum bygða. Skjöl þessi liggja öll í lestrarsal þingsins.

Frekari grein verður gerð í framsögu.